

Sveinskot á Álftanesi

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags



Ragnheiður Traustadóttir

Rannsóknarskýrsla 2014

Forsíðumyndin er af Sveinskoti á Álftanesi

Ljósmyndir: Ómar Smári Ármannsson og Ragnheiður Traustadóttir

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN 978-9935-9169-8-3

© Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Myndaskrá	4
Inngangur	5
Tilgangur fornleifaskráningar.....	5
Fornleifaskráning og aðferðir.....	8
Jarðarnúmer.....	8
Fornleifar á svæðinu	10
Samantekt og tillögur.....	17
Heimildir.....	18

Myndaskrá

Mynd 1 Bæjarstæði á Sveinskoti.....	8
Mynd 2 Endurgert Túnakort frá 1917. Kortavinna Lísabet Guðmundsdóttir.....	10
Mynd 3 Sveinskot og bæjarhlaðið.....	11
Mynd 4 Hér stóðu útihúsinu á 20. öldinni meðal annars fjós, fjárhús og hænsnakofi.....	12
Mynd 5 Leifar af sjávargötunni.....	13
Mynd 6 Svæði þar sem kálgarðurinn Stórigarður var og hugsanlega elsta bæjarstæðið.....	14
Mynd 7 Litlabæjarbrunnur [2227] er í bakgarði íbúðarhús við Litlabæjarvör 15.....	14
Mynd 8 Leifar frá dælukofanum á myndinni til vinstri og á myndinni til hægri má sjá hvar það stóð.....	15
Mynd 9 Loftmynd er afstöðu varannar á vestanverðu nesinu. Kort Ómar Smári Ármannsson	16
Mynd 10 Sveinskotsvör.....	17

Inngangur

Að beiðni Arinbjörns Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra Garðabæjar, tók ég skýrsluhöfundur, Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, að mér könnun á fornleifum í landi Sveinskots á Álfanesi vegna fyrirhugaðs deiliskipulags, sbr. tillögu að deiliskipulagi dags. 17. maí 2013.

Svæði það, sem deiliskipulagið nær yfir, er Bjarnastaða-, Litlabæjar- og Sviðholtsvör og öll sú byggð sem þegar er risin þar. Auk þess er Litlabæjavör lengd til norðurs og lögð ný gata, Sveinskotsvör.¹

Var allt ofangreint svæði skoðað á vettvangi í febrúar 2014 í nokkrum ferðum. Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, s.s. hættumat, og skýrslu- og kortagerð.

Undirrituð sá um vettvangsvinnuna og skýrsluskrif, en naut aðstoðar Ómars Smára Ármannssonar, fornleifafræðings við skráninguna á vettvangi.

Saga Sveinskots er ekki löng, en kotið er byggt út úr landi Sviðsholts. Bærinn kemur fyrst fyrir í heimildum 1858 og er landlítil eins mörg kotanna á Álfanesi. Við fornleifaskráninguna fundust engar minjar á vettvangi, þ.e. sýnilegar á yfirborði. Virðist sem flestum hugsanlegum leifum á þessum stað hafi verið raskað með framkvæmdum á 20. öld. Þó er einn staður í túninu sem þyrfti að athuga nánar, þar sem fyrir hendi eru vísbendingar um að elsta bæjarstæðið hafi upphaflega verið þar sem kálgarðurinn Stórigarður var niður

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns,

¹ Guðni Pálsson arkitekt FAÍ. Deiliskipulag, Bjarnastaða-, Litlabæjar-, Sviðholts- og Sveinskotsvör. Deiliskipulagsskilmálar dags. 17.05.2013

svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og

kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagr þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrsla um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar eftir jörðunum Sveinskoti og Litlabæ. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig, ljósmyndir voru teknar. Jafnframt var gert kort. Minjar á svæðinu voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.



Mynd 1 Bæjarstæði á Sveinskoti

Jarðarnúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og þremur númerum, í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað Sveinskoti 123240, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt jarðatali Johnsen, 199 í nefndum tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið númer innan hvernjar jarðar fyrir sig sem eru auðkenni sem minjarnar fá þegar upplýsingar um þær eru slegnar inn í landfræðilegan gagnagrunn Garðabæjar. Þessi númer birtast ekki öll hér í skýrslunni en eru í skránni sem fylgir með.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“

sé til um t.d. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Víkurvarða eða Kolanef, er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingakortagrunn Garðabæjar. Í þessu tilviki verða hnitin mjög ónákvæm vegna þess að ekki sést til fornleifanna. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93.


Staðhættir og lýsing

Staðhættir og lýsing en þá er reynt að greina frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki fundust þær hins vegar allar. Við skipulag framkvæmda væri engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.



Mynd 2 Endurgert Túnakort frá 1917. Kortavinna Lísabet Guðmundsdóttir

Fornleifar á svæðinu

Saga jarðarinnar og bæjarstæðið [199-2220]

Sveinskot á sér ekki langa sögu en það var hjáleiga í landi Sviðsholts sem kemur fram í heimildum á 15. öld. Bæjarins er fyrst getið í jarðamati frá árinu 1858² en hennar er ekki getið í Jarðatali Johnsen sem er frá árunum 1848-1850, útfrá því er hægt að áætla að jörðin hafi í það minnsta verið komin í byggð fyrir 1858, ábúenda Sveinbjarnar Sveinssonar er síðan getið í bókinni Sjósókn, endurminningar Erlendar Björnssonar frá Breiðabólstað³ og má kannski ætla útfrá nafninu að faðir ábúenda hafi fyrstur búið á Sveinskoti. Í bókinni Sjósókn er kort sem sýnir byggð og örnefni á Álftanesi árið 1870 og þar má sjá staðsetningu bæjarins og afstöðu hans til annarra bæja.⁴ Samkvæmt Túnakorti frá 1917 má sjá að bærinn stóð í 180-200 metrum norðan við Litlabæ og rúmum 100 metrum vestan við Bjarnastaði og var með land að sjó. Á Túnakortinu má sjá kálgarða, útihús, hjall og hugsanlega fiskihús. Teigar voru 1,3 hðr og kálgarðar 750 m².

² Skýrslur um landshagi á Íslandi, 1858, bls.663

³ Erlendur Björnsson, 1945, bls. 32

⁴ Ibid, bls. 35

Sveinskot er getið í tveimur örnefnaskráum og þar má finna þessar lýsingar⁵:

„Sveinskot er um það bil 100 metrum beint sunnan við Hákot. Fyrir ofan bæinn, efst í túninu, var klapparstykki. Gísli Sigurðsson nefnir það Hellu í örnefnalýsingu sinni og telur einnig að Sveinskot hafi upphaflega heitið Hella. Bæjarnafnið Hella er hvergi að finna í jarðabókum eða jarðamati og kemur aðeins fyrir í Örnefnaskrá Gísla.

Jóhann Jónsson í Sveinskoti nefnir þetta stykki einnig í Hellu. Kristján og Einar hafa hinsvegar alltaf heyrt það nefnt Hellustykki.”

Í Örnefnaskrá Gísla getur hann um Stóragarð „sem hann segir hafa verið matjurtagarð frá Sveinskoti og getur þess að talið hafi verið, að þarna hafi bærinn í Sveinskoti staðið um 1800, er sjór flæddi inn í hann.” Þarna er komin vísbending um að bærinn hafi verið fluttur og hafi staðið þar sem kálgarður er sýndur á Túnakortinu frá 1917 vestan við bæinn og alveg niður við sjó. Þá er hugsanlegt að þar sé að finna minjar af elsta bænum og þyrfti að kanna það nánar. Það sem vekur athygli er þó að Gísli segir að bærinn hafi staðið þar frá því um 1800 en heimildir benda til þess eins og segir að ofan að bærinn hafi ekki risið þar fyrr en eftir 1850 en fyrir 1858.

Bærinn í Sveinskoti brann um árið 1930 og var þá byggt nýtt hús á Hellunni. Er það timburhús með steypum kjallara.⁶ Útihús standa þar á hlaðinu.⁷



Mynd 3 Sveinskot og bæjarhlaðið

Í bréfi frá Minjastofnun Íslands dag. 28. maí 2013 til skipulagsstjóra Garðabæjar, Arinbjarnar Vilhjálmssonar, segir að upphaflegt byggingarár sé ekki þekkt en haft er eftir Reyni Vilhjálmsyni, landslagsarkitekt, að húsið sé án vafa byggt fyrir árið 1930,

⁵ Gísli Sigurðsson, 1964. Skrá yfir örnefni og fiskimiðin í Álftaneshreppi hinum forna og Skrá yfir Örnefni í Sviðsholti 1969, Skráð eftir Kristjáni Eyjólfssyni

⁶ Skrá yfir Örnefni í Sviðsholti 1969, Skráð eftir Kristjáni Eyjólfssyni

⁷ Ibid

en foreldrar hans keyptu húsið árið 1935. Það er ekki alveg í samræmi við Örnefnaskrá sem segir að húsið sé byggt eftir brunann. Minjastofnun Íslands beinir því til sveitarfélagsins að reyna að varðveita húsið og segir orðrétt: „Eldri hluti Sveinskotshússins er annað tveggja timburhúsa á Álftanesi frá fyrri hluta 20. aldar sem enn stendur. Verði það jafnað við jörðu hverfa öll ummerki um eitt af nafnkunnari sveitabýlum á nesinu á 20. öld. Enda þótt Sveinskot á Álftanesi njóti ekki friðunar vegna aldurs telur Minjastofnun Íslands að húsið hafi ótvírætt varðveislugildi sem vitnisburður um búsetuhætti og menningu fyrri tíðar í byggðarlaginu. Mælt er með því að húsið fá að standa og að deiliskipulagið verði endurskoðað.”⁸

Ekki verður lagt mat á húsið enda ekki fornleifar en bæjarstæðið á Sveinskoti eins og það er sýnt á Túnakortinu 1917 og lýst í örnefnaskrá virðist alveg vera horfið undir byggingar frá fyrri hluta 20. Aldar. Vísbending úr örnefnaskrá um að bærinn hafi verið fluttur og en hafi staðið niður undir sjó gefa tilefni til að kanna það svæði sérstaklega. Nú má sjá á bæjarstæðinu leifar af útihúsum frá 20. öld en norðvestan við húsið var fjós, fjárhús og hænsnakofi. Suðvestan við húsið var dæluhús og var hætt að nota það þegar vatnsveita var lögð að bænum.



Mynd 4 Hér stóðu útihúsinu á 20. öldinni meðal annars fjós, fjárhús og hænsnakofi

Tröð og sjávargata [199-2223/2224]

Á Túnakortinu 1917 sjást traðir og leiðir á milli bæja. Heimtröðin [2223] er austan við bæinn og tengist leiðinni að Bjarnastöðum og kemur sunnan við bæjarhúsin. Frá

⁸ Bréf Minjastofnunnar Íslands, Kristín H. Sigurðardóttir, forstöðumaður og Pétur Ármannsson, arkitekt dagsett. 28. maí 2013 sent skipulagstjóra Garðabæjar, Arinbirni Vilhjálmssyni

bæjarhúsunum liggur svo sjávangatan [2224] niður suðvestur í átt að hugsanlegum hjalli [2226] og húsi [2225] en Sveinskotsvörin [2185] er þar rétt fyrir utan. Heimtröðin hefur alveg horfið en partar af sjávangötunni gætu hafa varðveist en í túninu má sjá leið sem er greinilega mynduð vegna þess að fólk er að styttu sér leið í gegnum túnið á Sveinskoti í hverfið við Litlabæjarvör.



Mynd 5 Leifar af sjávangötunni

Kálgarðar [199-2216/2217/2218/2219]

Á Túnakortinu frá 1917 eru sýndir fjórir kálgarðar og heildarstærð þeirra 750 m². Tveir [2217/2218] þeirra eru sunnan við bæinn, einn [2216] þeirra er vestan við hann og alveg niður við sjó og sá fjórði [2219] er við bæjarhúsin að vestan, norðan og austan en framhlið bæjarins er til suðurs. Ekki sést til þessa kálgarða á vettvangi enda verið byggt ofan í þá flesta á 20. öldinni. Kálgarðurinn sem sýndur er niður undir sjó er heldur ekki sýnilegur en hann virðist vera sami matjurtagarður og Gísli getur um í Örnefnaskrá sinni⁹ og segir þar að Stórigarður [2216], hafi verið matjurtagarður frá Sveinskoti og segir talið að bærinn í Sveinskoti hafi staðið þarna um 1800, er sjór flæddi inn í hann. En eftir það var hann færður. Ekki kannast Kristján né aðrir heimildamenn við það nafn í Örnefnaskrá Sviðsholts.

⁹ Gísli Sigurðsson, 1964. Skrá yfir örnefni og fiskimiðin í Álfthaneshreppi hinum forna



Mynd 6 Svæði þar sem kálgarðurinn Stórigarður var og hugsanlega elsta bæjarstæðið

Brunnur [2228]

Í örnefnalýsingu Sviðsholts segir að: „Lítil brunnhola var í Sveinskotstúni, norðvestur frá bæ.“ Þessi brunnur er nú komin undir byggðina sem liggur við Hákotsgötu. Brunnurinn er ekki á Túnakortinu frá 1917 því er ekki hægt að staðsetja hann nákvæmlega.



Mynd 7 Litlabæjarbrunnur [2227] er í bakgarði íbúðarhús við Litlabæjarvör 15

Brunnur frá Litlabæ [2227]

Örnefnalýsingu Sviðsholts segir: „Brunnur u.þ.b. 100 m norður frá þeim stað, sem bærinn var á, sést ennþá vel. Hann er alltaf nefndur Litlabæjarbrunnur. Í hann er sótt vatn frá Litlabæ og einnig oft frá Bjarnastöðum og Sveinskoti.“ Brunnurinn er í

bakgarði íbúðarhúss við Litlubæjarvör 15 og hefur verið endurhlaðinn með hringlaga steinhleðslum, en áður var hann ferkantaður og steypdur. Úr brunninum var síðan leitt vatn í dælukofann sem stóð í túninu á Sveinskoti og sjást enn ummerki eftir hann.



Mynd 8 Leifar frá dælukofanum á myndinni til vinstri og á myndinni til hægri má sjá hvar það stóð

Fiskhús og Hjallur [199-2225/2226]

Á Túnakortinu 1917 má sjá tvö mannvirki vestan við bæinn alveg niður undir sjó. Annað mannvirkið gæti verið hjallur [2226] og er það sunnan við hitt og nær sjónum. Það er teikna með opna eina hlið þannig má túlka það sem hjall en hitt gæti verið fiskihús[2225]. Í bókinni Sjósókn er því lýst að við nærri alla bæi á nesinu voru hjallar og fiskihús.

Útihús [199-2218/2221]

Á Túnakortinu eru útihús og eða skemmur, sunnan við bæjarhúsin, og er kálgarður fast sunnan við þau. Húsin [2218] eru þrjú samhliða. Eitt útihús [2221] liggur norður af fyrrgreindum útihúsum, sunnan við bæinn [2220]. Þetta svæði er allt farið undir framkvæmdir á 20. öldinni.



Mynd 9 Loftmynd er afstöðu varannar á vestanverðu nesinu. Kort Ómar Smári Ármannsson

Sveinskotsvör [2185]

Sveinskotsvörina má enn sjá eins og aðrar varir á vestanverðu Álftanesi en þær hafa verið að færast utar, en þegar er lágfjarað sést hún vel og á loftmyndum. Hvernig hún hefur verið rudd. Henni er lýst í Örnefnaskrá og auki er að finna örnefni á skeri og lóni þar fyrir utan. Í örnefnaskrá segir: „Sveinskotsvör er nálægt 80-100 metrum sunnan Hákotsvoravör. Við hana eru þangflúðir og klappir. Hún er aðeins norðar en beint niður af Sveinskotsbænum. Framan við vörina í Sveinskoti er aflangt sker og lón innan við það. Yfir skerið flýtur um hálfaðfallið G.S. nefnir skerið Stórasker og lónið Stóralón í lýsingu sinni.¹⁰ Ekki kannast heimildarmenn mínir við þessi nöfn og munu þau nú alveg niður fallin.“¹¹

¹⁰ Gísli Sigurðsson, 1964. Skrá yfir örnefni og fiskimiðin í Álftaneshreppi hinum forna

¹¹ Skrá yfir Örnefni í Sviðsholti 1969, Skráð eftir Kristjáni Eyjólfsyni



Mynd 10 Sveinskotsvör

Samantekt og tillögur

Á hinu afmarkaða svæði, sem tilheyrði allt Sveinskoti, sem var landlítil jörð, og deiliskipulagið tekur til, eru engar minjar sýnilegar á yfirborði. Fyrir liggur að minjum hefur verið raskað við framkvæmdir á fyrri hluta 20. aldar. Búseta á Sveinskoti var ekki löng, eins og fram kemur í heimildum, en Sveinskots er fyrst getið í jarðamati 1858. Af því leiðir að ekki þykir vera von umfangsmikilla minja í jörðu á umræddu svæði.

Þó verður að geta þess að neðst í túninu er staður sem þyrfti að athuga nánar, þar sem fyrir hendi eru vísbendingar um að elsta bæjarstæðið að Sveinskoti hafi verið þar auk kálgarðsins Stóragarðs, skv. Túnakorti frá 1917. Hluti af svæðinu kann að hafa brotnað í sjó fram. Minjastofnun Íslands þarf að meta hvort ástæða sé til að rannsaka þennan stað nánar. Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum

Heimildir

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 1966. Álftaness saga. Bessastaðarhreppur, fortíð og sagnir. Reykjavík.

Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir, 2004. Menningarminjar í Bessastaðarhreppi. Skýrsla FS226-03211. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Erlendur Björnsson, 1945. Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólstöðum. Jón Thorarensen skráði. Reykjavík.

Guðni Pálsson, arkitekt FAÍ. Deiliskipulag, Bjarnastaða-, Litlubæjar-, Sviðholts- og Sveinskotsvör. Deiliskipulagsskilmálar dags. 17.05.2013

Skýrslur um landshagi á Íslandi, gefnar út af Hinu íslenska bókmenntafélagi. 1858. IV:503-572. Reykjavík.

Örnefnasvið – Árnastofnun

Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimiðin í Álftaneshreppi hinum forna; Bessastaðarhreppi, Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum. 1964. Garðahverfi A215 / Garðaland B205. Örnefnastofnun.

Skrá yfir Örnefni í Sviðsholti, Bessastaðarhreppi, Kjósarsýslu. Skráð eftir Kristjáni Eyjólfssyni. Örnefnastofnun.

Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort 1917. Bjarnastaðir, Sveinskots og Litlibær

Heimildarmenn

Elín Jóhannesdóttir og Snorri Jóhannesson fædd og uppalinn á Sveinskoti.

ID	Bæjarheiti	HLUTVERK	SÉRHEITI	TEGUND	Túnakort	ALDUR ca.	HORFIN	HÆTTUMAT	HÆTTUORSÖK	ÁSTAND	Jarðatal J	LANDSNR.	SKRÁNINGARÐ	SKRÁNINGARADILI	GPS_HNIT_N	GPS_HNIT_V	X - Isnet	Y Isnet
2185	Sveinskot	Vör	Sveinskotsvör					Mikil hætta	Vegna landbrots	Greinanlegar fornleifar	199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406134	2202054	403475.717900	352110.957000
2186	Litlibær	Vör	Litlabæjarvör				A- hluta	Mikil hætta	Vegna landbrots	Greinanlegar fornleifar	199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406124	2202150	403450.907000	352044.938000
2216	Sveinskot	Kálgarður	Stórigarður	Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já	Mikil hætta	Vegna framkvæmda	Ekki sést til fornleifa	199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406169	2202019	403529.315000	352155.275000
2217	Sveinskot	Kálgarður		Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406143	2201194	403478.606000	352204.091000
2225	Sveinskot	Útihús/Hjallur?		Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406153	2202051	403502.344100	352129.207300
2228	Sveinskot	Brunnur		Heimild		1900-2000					199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406181	2201908	403547.260000	352246.434000
2218	Sveinskot	Kálgarður		Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406152	2201925	403494.101000	352230.053000
2221	Sveinskot	Útihús		Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406152	2201925	403495.576000	352232.881000
2226	Sveinskot	Útihús/Hjallur?		Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406153	2202051	403500.868000	352127.876000
2222	Sveinskot	Útihús		Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406152	2201925	403493.998100	352233.761100
2224	Sveinskot	Leið /Sjávargata		Gata	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406147	2201985	403491.480600	352197.178600
2223	Sveinskot	Leið / Heimtröð		Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406134	2201866	403458.397000	352276.337000
2220	Sveinskot	Bæjarstæði		Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406147	2201878	403488.433800	352259.630200
2219	Sveinskot	Kálgarður		Heimild	Túnakort 1917	1800-1900	Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406147	2201878	403491.783100	352265.212200
2227	Litlibær	Brunnur	Litlabæjarbrunnur				Já				199	123240	10.02.2014	RT/ÓSÁ	6406148	2202003	403489.717000	352166.389000